



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 23/2017

**Sölu- og afhendingarbann á þyrilsnældur sem fluttar voru inn af
Danco – Daníel Pétursson ehf.**

I.

Málsmeðferð

1.

Þann 23. maí 2017 fóru fulltrúar frá Neytendastofu í verslun Elko Lindum, Skógarlind 2, 201 Kópavogi, á grundvelli ábendingar um að á markaði væru leikföng sem uppfylli ekki kröfur laga nr. 134/1995, um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu, og reglugerð nr. 944/2014, um öryggi leikfanga og markaðssetningu á Evrópska efnahagssvæðinu. Fengu fulltrúar stofnunarinnar afhent eitt eintak af „fidget spinner“ og eitt eintak af „hand spinner“, sem voru í hvítum umbúðum með svörtum og gráum kössum og fluttir voru inn af heildversluninni Danco – Daníel Pétursson ehf. Sjá myndir í viðauka við ákvörðun þessa.

2.

Með bréfi Neytendastofu, dags. 24. maí 2017, fór Neytendastofa fram á að Danco afhenti stofnuninni öll nauðsynleg tæknigögn fyrir vöruna sem sýnt gætu fram á öryggi hennar, s.s. öryggismat, EB-gerðarprófunarvottorð, EB-samræmisýfirlýsingu og prófunarskýrslu. Þá var Danco jafnframt upplýst um heimildir stofnunarinnar til þess að setja tímabundið bann við sölu á vörur sem ekki uppfylla skilyrði laga nr. 134/1995 og reglugerðar nr. 944/2014. Farið var fram á að svar bærst stofnuninni eigi síðar en þriðjudaginn 30 maí 2017 og að þeim tíma liðnum myndi stofnunin taka ákvörðun um það hvort tímabundið sölubann yrði sett á vörunar eða þær teknar varanlega af markaði.

Þann 29. maí 2017 barst Neytendastofu staðfesting á samræmi vörunnar (e. verification of compliance) með tölvubréfi. Með tölvubréfi, dags. 30. maí 2017, fór Neytendastofa fram á að Danco legði fram nánari gögn sem sýnt gætu fram á öryggi varanna og samræmi þeirra við kröfur þar sem fyrirliggjandi gögn væru ófullnægjandi. Þá væri ekkert í framlagðri skýrslu sem tengdi hana við þær vörur sem stofnunin hafði undir höndum. Með tölvubréfi frá Danco þann 30. maí 2017 var Neytendastofu tjáð að félagið hefði haft samband við birgi sinn í Bretlandi varðandi þær upplýsingar sem stofnunin óskaði eftir.



3.

Þann 1. júní 2017 lagði Neytendastofa tímabundið sölubann, í fjórar vikur, á ofangreindar þyrilsnældur (e. spinner) þar sem að stofnuninni höfðu ekki borist fullnægjandi gögn sem sýndu fram á öryggi þeirra. Jafnframt var ítrekuð krafa stofnunarinnar um frekari gögn sem sýnt gætu fram á öryggi varanna auk þess sem upplýst var um heimild stofnunarinnar til þess að setja varanlegt sölubann á vörurnar.

Með tölvubréfi frá Danco þann 1. júní 2017 var Neytendastofu tjáð að fyrirtækið hefði haft samband við viðskiptavini sína sem keypt hefðu þyrilsnældurnar og óskað eftir því að þeir yrðu teknir umsvifalaust úr sölu. Þá ætlaði fyrirtækið að vinna í því að fá réttar merkingar og gögn frá framleiðanda vörunnar.

Þann 7. júní 2017 bárust Neytendastofu neðangreind gögn fyrir umræddar þyrilsnældur með tölvubréfi frá Danco:

1. Samræmisýfirlýsing (e. declaration of conformity)
2. Prófunarskýrsla (e. test report)
3. Bréf frá framleiðanda til staðfestingar.
4. Strikamerki og merkingar á strikamerkismiðum.

4.

Með bréfi Neytendastofu, dags. 16. júní 2017, tjáði Neytendastofa Danco að framlögð gögn væru ófullnægjandi þar sem framlögð prófunarskýrsla væri ekki í samræmi við samræmisýfirlýsinguna þar sem varan á prófunarskýrslunni hefði ekki verið prófuð samkvæmt evrópskum reglum heldur vísaði skýrslan til ASTM sem er amerískur leikfangastaðall. Framkomin gögn væru því ekki fullnægjandi til þess að aflétta tímabundnu sölubanni. Til þess þyrfti stofnunin að fá nánari gögn sem sýndu fram á að varan væri framleidd í samræmi við lagalegar kröfur.

Með tölvubréfi, dags. 27. júní 2017, var Neytendastofu tilkynnt að fyrirtækið hefði ákveðið að taka umræddar þyrilsnældur úr sölu og markaðssetningu.

II.

Niðurstaða

1.

Mál þetta varðar öryggi þyrilsnælda sem fluttar eru til landsins af Danco – Daníel Pétursson ehf. Þyrilsnældurnar sem Neytendastofa tók til skoðunar báru CE-merki með áföstum límmiða á umbúðum vörunnar. Þá var viðvörunarmerkingin um að leikfangið væri ekki ætlað börnum yngri en þriggja ára grátt auk þess sem viðvörun um köfnunarhættu var á ensku. Hins vegar vantaði nafn framleiðanda, heimilisfang og vörunúmer. Þrátt fyrir kröfu Neytendastofu bárust ekki fullnægjandi gögn sem sýnt gátu fram á samræmi vörunnar við þær kröfur sem gerðar eru



til markaðssetningar og sölu á leikföngum. Þá vísaði prófunarskýrsla sem stofnuninni barst til staðalsins ASTM sem er amerískur leikfangastaðall og fullnægir ekki kröfum til löglegrar markaðssetningar hér á landi.

Samkvæmt 1. mgr. 2. gr. laga nr. 134/1995, um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu, mega framleiðendur einungis markaðssetja öruggar vörur. Þá segir í 2. mgr. sömu greinar:

„Vörur, sem ætlaðar eru til sölu, leigu eða hvers kyns annarrar afhendingar í atvinnuskyni á markaði, skulu vera þannig úr garði gerðar að þær fullnægi kröfum sem vegna almannahagsmuna eru gerðar til þeirra í lögum og reglugerðum eða stöðlum um öryggi vöru og vernd heilsu og umhverfis.“

Í 1. mgr. 8. gr. laga nr. 134/1995 er um það fjallað hvað teljist örugg vara og til hvers skuli litið við mat á því hvort vara teljist örugg. Ákvæðið er svohljóðandi:

„Örugg vara merkir sérhverja vöru sem við eðlileg eða fyrirsjáanleg notkunarskilyrði, þ.m.t. endingartíma, svo og kröfur sem gerðar eru um uppsetningu, viðhald og hvernig hún skal tekin í notkun, telst vera hættulaus fyrir einstaklinga, heilsu þeirra og eignir enda fullnægi hún almennum kröfum sem gerðar eru vegna almannahagsmuna um öryggi og vernd heilsu, svo og umhverfis. Við mat á öryggi vöru skal einkum haft til hliðsjónar:

- 1. Eðli vörunnar, þ.m.t. samsetning hennar, umbúðir og samsetningarleiðbeiningar og, þar sem við á, uppsetningar- og viðhaldsleiðbeiningar.*
- 2. Áhrif vörunnar á aðrar vörur ef fyrirsjáanlegt er að hún verði notuð með öðrum vörum.*
- 3. Framsetning vörunnar, merkingar og, ef við á, varnaðarorð og leiðbeiningar um notkun og förgun auk hvers kyns ábendinga eða upplýsinga um vöruna.*
- 4. Hvort varan er gerð fyrir tiltekinn markhóp neytenda sem getur stafað sérstök hættu af vörunni, t.d. börn og eldra fólk.“*

Framleiðsla og dreifing vöru, svo og þjónusta sem veitt er í tengslum við vöruviðskipti skulu ávallt vera í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og annarra stjórnvaldsfyrirmæla sem gilda hverju sinni um öryggi vörunnar, sbr. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 134/1995. Í 2. mgr. 9. gr. laga nr. 134/1995, er nánar tilgreint hvaða vörur teljast vera öruggar í skilningi laganna en þar segir:

„Vara telst vera örugg ef hún uppfyllir skilyrði sem fram koma í íslenskum stöðlum, sem innleiða Evrópustaðla, sem tilvísun hefur verið birt í hér á landi og í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins í samræmi við ákvæði tilskipunar um öryggi vöru.“



2.

Ríkar kröfur eru gerðar til framleiðenda, innflytjenda og dreifingaraðila leikfanga. Í reglugerð nr. 944/2014, um öryggi leikfanga og markaðssetningu þeirra á Evrópska efnahagssvæðinu, er að finna ítarleg ákvæði um þær kröfur sem gerðar eru til hvers þeirra um sig, sbr. 3., 5., og 6. gr. nefndrar reglugerðar. Framleiðendum leikfanga ber skylda til þess að hanna og framleiða leikföng sem sett eru á markað í samræmi við þær kröfur sem getið er um í lögum, reglugerðum og viðeigandi stöðlum. Framleiðendum ber einnig skylda til þess að útbúa tæknileg skjöl sem sanna að varan sé í samræmi við þær lagalegu kröfur sem gerðar eru til viðkomandi vöru. Þegar sýnt hefur verið fram á að leikfang sé framleitt í samræmi við gildandi kröfur skal framleiðandi útbúa EB-samræmisýfirlýsing og tryggja að leikfang sé ávallt CE-merkt eins og gildandi reglur segja nánar fyrir um. Framleiðandi ber ábyrgð á því að öll tæknileg skjöl og EB-samræmisýfirlýsing séu til reiðu fyrir eftirlitsstjórnvöld í 10 ár frá því að leikfang er sett á markað. Þá skulu og innflytjendur varðveita afrit af EB-samræmisýfirlýsingunni í tíu ár eftir að leikfangið hefur verið sett á markað og hafa það tiltækt Neytendastofu og tryggja að Neytendastofa geti haft aðgang að tækniskjöllum sé þess óskað, sbr. 9. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 944/2014.

Í 5. gr. nefndrar reglugerðar er kveðið á um skyldur innflytjenda en innflytjendur mega aðeins setja leikfang á markað sem uppfyllir viðeigandi kröfur um öryggi, sbr. 1. mgr. Áður en að leikfang er sett á markað skal innflytjandi, sbr. 1. – 5. tl. 2. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 944/2014:

- „1. tryggja að framleiðandi hafi framkvæmt eða látið framkvæma samræmismat með viðeigandi samræmismatsaðferð, sbr. 17. gr.,*
- 2. tryggja að framleiðandi hafi útbúið tæknigögn, sbr. 19. gr.,*
- 3. tryggja að leikfang beri samræmismerki og því fylgi þau skjöl sem krafist er,*
- 4. tryggja að leikfangið beri gerðar-, framleiðslu-, rað- eða tegundarnúmer eða annað sem gerir kleift að bera kennsl á þau eða, ef það er ekki hægt vegna stærðar eða eiginleika leikfangs, að umbeðnar upplýsingar séu á umbúðunum eða í skjali sem fylgir leikfanginu,*
- 5. tryggja að leikfangið beri nafn framleiðanda, skráð firmaheiti eða skráð vörumerki og heimilisfang, þar sem hafa má samband við hann, eða ef það er ekki hægt, á umbúðunum eða í skjali sem fylgir leikfanginu.“*

Leikföng eiga ekki að vera sett á markað fyrr en framleiðandi hefur sýnt fram á samræmi þess við grunnkröfur um öryggi með þeim samræmismatsaðferðum sem mælt er fyrir um í 2. og 3. mgr. 17. gr. reglugerðar nr. 944/2014. Áður en að leikfang fer á markað þarf einnig að framkvæma EB-gerðarprófun og gefa út EB-gerðarprófunarvottorð að því loknu, sbr. ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 768/2008/EB. Í EB-gerðarprófunarvottorðinu á að koma fram tilvísun til tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/48/EB, um öryggi leikfanga, litmynd, greinargóð lýsing á leikfanginu ásamt stærðarmáli og listi yfir gerðarprófanir, ásamt tilvísun í viðeigandi prófunarskýrslu, sbr. 5. mgr. 18. gr. reglugerðar nr. 944/2014. Þá þurfa einnig öll tæknigögn að vera fyrir hendi. Með tæknigögnum er hér átt við öll viðeigandi gögn eða



upplýsingar um aðferðir sem framleiðandinn notaði til að tryggja að leikfangið eða leikföngin sem hann setur á markað séu í samræmi við grunnkröfur um öryggi, sbr. 1. mgr. 19. gr. reglugerðar nr. 944/2014, þó að lágmarki þau gögn og upplýsingar sem fram koma í IV. viðauka nefndrar reglugerðar. Framleiðendum og dreifingaraðilum ber að hafa slík gögn til reiðu, sbr. nánar ákvæði í reglugerð nr. 957/2006, um aðferðareiningar fyrir ýmis þrep samræmismatsins og reglur um áfestingu og notkun CE-samræmismarkja sem ætlað er að nota í tilskipunum um tæknilega samhæfingu. Leikföng sem boðin eru fram á markaði hér á landi eiga að vera CE-merkt. Um CE-merkið gildir reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 765/2008, um kröfur varðandi faggildingu og markaðseftirlit í tengslum við markaðssetningu á vörum og var innleidd hér á landi með reglugerð nr. 566/2013, um markaðseftirlit, faggildingu o.fl. Því er CE-merkið staðfesting á því að vara fullnægi öllum skilgreindum grunnkröfum í reglugerðum og samhæfðum stöðlum.

Um viðvörunarmerkingar gildir m.a. 10. gr. reglugerðar nr. 944/2014. Þar segir að viðvörunarmerkingar skulu vera á íslensku, sbr. 7. mgr. 10. gr., sbr. og 8. tl. 1. mgr. 3. gr., 4. mgr. 5. gr. og 3. tl. 1. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 944/2014.

Um hönnun, framleiðslu og gerð leikfanga gildir staðallinn ÍST EN 71. Í staðlinum *ÍST EN 71-1:2014: Öryggi leikfanga – Hluti 1: Krafrænar og efnislegir eiginleikar* er að finna nánar ákvæði um merkingar og viðvaranir á leikföngum. Í sjöunda kafla staðalsins er kveðið á um viðvörunarmerkingar. Í kafla 7.2 er kveðið á um viðvaranir vegna leikfanga sem ekki eru ætluð börnum undir þriggja ára. Þar segir að koma þurfi fram ef varan er ekki ætluð börnum yngri en þriggja ára. Þá segir enn fremur að taka þurfi fram ef að leikfangið getur t.d. valdið köfnunar- eða hendingarhættu, t.d. með áletruninni „*Viðvörun. Smáir hlutir. köfnunarhætta.*“ Ef notuð er mynd sem segir til um það að varan sé ekki ætluð börnum yngri en þriggja ára þá á hringurinn að vera rauður, á hvítum bakgrunni með svörtum texta og myndmerkið með svörtum útlínum. Þá kemur einnig fram í kafla A33 í nefndum staðli að nafn framleiðanda og heimilisfang þurfi að koma fram á leikfanginu eða, ef því verður ekki við komið, á pakkningu þessa eða í leiðbeiningum sem fylgja leikfanginu, sbr. og 5. tl. 2. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 944/2014. Þá á framleiðandi að ganga úr skugga um að varan beri auðkennisnúmer, raðnúmer eða sambærilegt númer til þess að hægt sé að auðgreina vöruna, sbr. 4. tl. 2. mgr. 5. gr. reglugerðar 944/2014 sem fjallar um skyldur innflytjanda.

Í 21. gr. laga nr. 134/1995 er kveðið skýrt á um skyldu Neytendastofu að afturkalla, taka af markaði eða banna sölu eða afhendingu á vöru, ef ljóst er að vara uppfyllir ekki reglur og kröfur sem gerðar eru um öryggi vöru enda sé ekki unnt að beita öðrum og vægari úrræðum. Sjá einnig 27. gr. reglugerðar nr. 944/2014. Þá er eftirlitsstjórnvaldi heimilt í tengslum við afturköllun, þegar vara er tekin af markaði eða bann sem það leggur við dreifingu og sölu á vöru að skylda dreifingaraðila til að eyðileggja öll eintök vörunnar með öruggum hætti, ef nauðsyn þykir af eðli máls, sbr. 1. mgr. 22. gr. laga nr. 134/1995.



3.

Samkvæmt skoðun sem Neytendastofa gerði er ljóst að merkingum var ábótavant á ofangreindum þyrilsnældum. Á þyrilsnældurnar vantar upplýsingar um framleiðanda, heimilisfang hans og vörunúmer. Þá var viðvörðun um að leikfangið sé ekki ætlað börnum yngri en þriggja ára grátt og viðvörðunarrhættan er á ensku. Þá voru þyrilsnældurnar prófaðar samkvæmt amerískum leikfangastaðli og því ekki réttilega CE-merktar.

Í ljósi þess að ekki hefur verið sýnt fram á að nefndar vörur uppfylli ofangreind skilyrði varðandi framleiðslu og markaðssetningu leikfanga telur Neytendastofa að ofangreindar þyrilsnældur séu ekki örugg vara í skilningi laga nr. 134/1995 og reglugerðar nr. 944/2014. Þrátt fyrir samstarfsvilja fyrirtækisins og að varan hafi nú þegar verið tekin úr sölu telur Neytendastofa nauðsynlegt með vísan til 1. mgr. 20. gr. laga nr. 134/1995, sbr. og 21. gr. sömu laga, og 27. gr. reglugerðar nr. 944/2014, að banna hér með alla sölu og afhendingu þyrilsnældanna, sjá mynd í fylgiskjali.

Sölu- og afhendingarbann þetta tekur gildi við birtingu ákvörðunarinnar.

Neytendastofa leggur jafnframt þá skyldu á hendur Danco að eyða öllum eintökum þyrilsnældanna sem enn kunna að vera til á vörulager með öruggum hætti, sbr. 22. gr. laga nr. 134/1995, og leggja fram gögn, innan 30 daga frá birtingu þessarar ákvörðunar, sem sýna fram á örugga eyðingu þeirra eða tilkynningu um að ekki séu til fleiri eintök á lager.

Neytendastofa bendir á að samkvæmt 1. mgr. 25. gr. laga nr. 134/1995, varðar það dagsektum, allt að kr. 50.000 á sólarhring, ef ekki er farið að fyrirmælum stofnunarinnar.



III.

Ákvörðunarorð:

„Danco – Daníel Pétursson ehf., Melabraut 19, 220 Hafnarfirði, er með vísan til 1. mgr. 20. gr., sbr. 21. gr., laga nr. 134/1995, um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu, og 27. gr. reglugerðar nr. 944/2014, um öryggi leikfanga og markaðssetningu þeirra á Evrópska efnahagssvæðinu, bannað að selja og afhenda „fidget spinner“ og „hand spinner“, sem enn kunna að vera til á lager hjá fyrirtækinu. Sjá myndir í viðauka.

Með vísan til 1. mgr. 22. gr. laga nr. 134/1995, um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu skal Danco – Daníel Pétursson ehf. ennfremur eyða öllum eintökum vörunnar sem enn kunna að vera til á vörulager fyrirtækisins og afhenda Neytendastofu staðfestingu þess efnis innan 30 daga frá dagsetningu ákvörðunarinnar.

Sölu- og afhendingarbann þetta tekur gildi við birtingu ákvörðunarinnar.“

Neytendastofa, 6. júlí 2017

Tryggvi Axelsson
Forstjóri

Þórunn Anna Árnadóttir

Fylgiskjal

